

## 018/00 - Bv. Framnes ÍS-708

Framnes ÍS-708, fær á sig hnút á siglingu norðaustur af Horni

### Bv. Framnes ÍS-708

**Skipaskr.nr.:** 1327

**Smíðaður:** í Noregi 1973 úr stáli

**Stærð:** 407,33 brl; 623,00 bt

**Lengd:** 46,56 m **Breidd:** 9,50 m **Dýpt:** 6,60 m

**Vél:** Deutz 1.426,00 kW **Árgerð:** 1987

**Annað:**

**Földi skipverja:** 7



Framnes ©Hafþór Hreiðarsson

### Atvikalýsing

Hinn 16. janúar 2000 var bv. Framnes ÍS-708 statt 65 sml. norðaustur af Horni, staður 67°18'N og 21°28'V. Veður: suðvestan 8-10 vindstig, mikill sjór.

Skipinu var haldið upp í sjó og vind og siglt á mjög hægri ferð eða með 30% skurð á skrúfu að því er skipstjóri telur.

Skyndilega reið brotsjór á skipinu frá bakborða og lenti á yfirbyggingu skipsins og braut tvo glugga og glugga í hurð á bakborðshlið stýrishúss.

Komst sjór í nokkur tæki á stjórnþalli og rann niður í vistarverur skipverja. Skipverjar sníðu til hlera fyrir brotnu gluggana og þegar lokið var við að koma þeim fyrir var skipinu snúið aftur upp í sjó og vind og lónað í nokkrar klukkustundir þar til tekið var til við að sigla áleiðis til hafnar. Var komið til hafnar á Ísafirði undir miðnætti.

### Við rannsókn kom fram

- að sögn stýrimanns var sigldur hraði 2 sml. samkv. GPS;
- að einn maður var í stýrishúsi þegar brotið reið yfir.;
- að vakthafandi skipstjórnarmaður sat í stól í miðju stýrishúsinu þegar hnúturinn reið á skipinu;
- að logandi var á ljóskastara þegar brotið reið yfir.

### Nefndarálit

Gefur ekki tilefni til athugasemda.